

**Ýmis búnaður**  
Skilti/kort (með timburramma)

Númer:

10.01



**Eftirlit**

Yfirfara timburramma, festingar og spjald.  
Meta þörf á úrbótum.

**Fjöldi skipta:**

**Verkefni**

- Kort og skilti skulu yfirfarin og þau hreinsuð.
- Skemmd og brotin kort/skilti skulu löguð eða skipt út með nýjum.
- Tréverk skal hreinsað og pússað með fínnum sandpappír.
- Skemmdum, fúnum og brotnum römmum skal skipt út með nýjum.
- Athuga skal sérstaklega allar festingar og tryggja að boltar og flatjárn séu í lagi.
- Þar sem stálvírar eða skástífur eru notuð til stífangar skal yfirfara vír og stífur.
- Steyptir hólkar eiga ekki að standa uppúr yfirborði.
- Bera skal viðarvörn á tréverkið. Fylgja skal upplýsingum framleiðanda viðarvarnar um notkun.

**Fjöldi skipta:**

**Leyfð frávik:**

**Tímabil**

**Annað**

## Ýmis búnaður

Kort / skilti (með járnramma)

Númer:

10.02



### Eftirlit

Yfirfara kortaramma, festingar og spjald.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

### Verkefni

- Kort og skilti skulu yfirfarin og þau hreinsuð.
- Skemmd og brotin kort/skilti skulu löguð eða skipt út með nýjum.
- Ryð skal þússa í burtu og menja.
- Athuga skal sérstaklega allar festingar og tryggja að boltar og járn séu í lagi.
- Þar sem stálvírar eða skástífur eru notuð til stífangar skal yfirfara vír og stífur.
- Steyptir hólkar mega ekki standa uppúr yfirborði.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

Ýmis búnaður  
Merkingar

Númer:

10.03



#### Eftirlit

Yfirfara skilti, undirstöður og festingar.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

#### Verkefni

- Skilti skulu yfirfarin og þau hreinsuð.
- Skemmd og brotin skilti skulu löguð eða skipt út með nýjum.
- Athuga skal sérstaklega allar festingar og tryggja að boltar og járn séu í lagi.
- Þar sem stálvírar eða skástífur eru notuð til stífingar skal yfirfara vír og stífur.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

Ýmis búnaður  
Rusladallar

Númer:

10.04



#### Eftirlit

Yfirfara festingar og lok. Meta almennt ástand búnaðarins og þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

Við hverja eftirlitsferð

#### Verkefni

- Rusladalla skal losa við hverja eftirlitsferð (1 sinni í viku) eða eftir þörfum.
- Við hverja losun skal rusladallurinn yfirfarinn.
- Skemmdum döllum skal skipt út með nýjum.
- Hreinsa skal allt rusl sem liggur undir rusladalli.

Fjöldi skipta:

1 x í viku eða eftir þörf

Leyfð frávik:

Tímabil

Allt árið

Annað

## Ýmis búnaður

Ruslakassar (með poka)

Númer:

10.05



### Eftirlit

Yfirfara timbur, lok, festingar, pokagrind og læsingar. Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

Við hverja eftirlitsferð

### Verkefni

- Pokagrind í timburkössum skal yfirfara árlega.
- Fjarlægja skal poka og setja nýjan í staðinn við hverja eftirlitsferð (1 sinni í viku) eða eftir þörfum.
- Við hverja losun skal kassi, lok, grind og læsing yfirfarin og þörf á lagfæringu metin.
- Bera skal viðarvörn á tréverkið.
- Pússa skal óhreinindi af timbri áður en viðarvörn er borin á.
- Fylgja skal upplýsingum framleiðanda viðarvarnar um notkun.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

## Ýmis búnaður

Borð með bekkjum

Númer:

10.06



### Eftirlit

Yfirfara timbur, festingar og undirstöður.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

Við hverja eftirlitsferð

### Verkefni

- Borð og bekkir skulu yfirfarin á hverju ári.
- Skemmdum fjölum skal skipt út með nýjum.
- Bera skal viðarvörn á tréverkið.
- Tréverk skal hreinsað og þússað með fínnum sandpappír.
- Fylgja skal upplýsingum framleiðanda viðarvarnar um notkun.
- Yfirfara skal festingar og styrkingar í borðinu og tryggja að borð og bekkir standi tryggilega fest niður á yfirborði.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

Ýmis búnaður  
Lággerði

Númer:

10.07



Eftirlit

Yfirfara timbur, festingar og undirstöður.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

Við hverja eftirlitsferð

Verkefni

- Yfirfara skal girðingarnar á hverju ári.
- Skemmdum fjölum skal skipt út með nýjum.
- Bera skal viðarvörn á tréverkið.
- Hreinsa skal óhreinindi af timbri áður en viðarvörn er borin á.
- Fylgja skal upplýsingum framleiðanda viðarvarnar um notkun.
- Yfirfara skal festingar og undirstöður

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

Ýmis búnaður  
Timburkantar

Númer:

10.08



Eftirlit

Yfirfara timbur og festingar.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

Við hverja eftirlitsferð

Verkefni

- Yfirfara skal timburkanta á hverju ári.
- Skemmdum staurum skal skipt út með nýjum.
- Yfirfara skal festingar og tryggja að teinar séu tryggilega festir og komi hvergi upp úr staurum.
- Bera skal viðarvörn á tréverkið.
- Hreinsa skal óhreinindi af timbri áður en viðarvörn er borin á.
- Fylgja skal upplýsingum framleiðanda viðarvarnar um notkun.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað



## Ýmis búnaður

### Göngubrýr

Númer:

10.09



#### Eftirlit

Yfirfara timbur, festingar og undirstöður.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

#### Verkefni

- Yfirfara skal timburbrýr á hverju ári.
- Athuga skal sérstaklega svæðið þar sem timbur mætir grús/malbiki.
- Skemmdu timbri skal skipt út með nýju.
- Bera skal viðarvörn á tréverkið. Hreinsa skal óhreinindi af timbri áður en viðarvörn er borin á.
- Fylgja skal upplýsingum framleiðanda viðarvarnar um notkun.
- Yfirfara skal festingar og undirstöður og tryggja að brúin standi föst á undirstöðum.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

## Ýmis búnaður

### Tröppur (timbur)

Númer:

10.10



#### Eftirlit

Yfirfara timbur, festingar og undirstöður.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

#### Verkefni

- Yfirfara skal timburtröppur á hverju ári.
- Skemmdu timbri skal skipt út með nýju.
- Bera skal viðarvörn á tréverkið. Þússa skal óhreinindi af timbri áður en viðarvörn er borin á.
- Fylgja skal upplýsingum framleiðanda viðarvarnar um notkun.
- Yfirfara skal undirstöður og tryggja að trappan standi föst á yfirborði.
- Ef notuð er grús/möl í innstigi skal hún yfirfarin og þess gætt að hún sé ekki mishæðótt. Bæta skal grús/möl í innstig eftir þörfum.
- Illgresi og gras má ekki vaxa í innstigi og skal fjarlæggt.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

Ýmis búnaður  
Vegstikur

Númer:

10.11



Eftirlit

Yfirfara vegstikur og endurskinsrönd.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

Verkefni

- Yfirfara skal vegstikur við áningastaði við hverja eftirlitsferð.
- Hreinsa skal óhreinindi af endurskinsrönd.
- Skemmdum stikum skal skipt út með nýjum.
- Skera skal gras sem vex næst stikunum.
- Trjágróður, gras og annar gróður má ekki vaxa fyrir vegstikur og skal fjarlægður.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

Einnig skal yfirfara og hreinsa endurskinsrönd á pollum, stikum og öðrum götugögnum.

## Ýmis búnaður

Minnisvarðar / listaverk

Númer:

10.12



### Eftirlit

Yfirfara minnisvarða / listaverk, festingar og undirstöður. Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

### Verkefni

- Minnisvarða og listaverk skal yfirfara og hreinsa á hverju ári.
- Skemmdir skal skrásetja og tilkynna.
- Fylgja skal upplýsingum hönnuðar/ listamanns um viðhald og umhirðu verksins.
- Yfirfara skal undirstöður og festingar og tryggja að verkið standi fast á yfirborði.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

## Ýmis búnaður Útsýnisskífur

Númer:

10.13



### Eftirlit

Yfirfara útsýnisskífu, festingar og undirstöður.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

### Verkefni

- Útsýnisskífur skulu yfirfarnar á hverju ári og þær hreinsaðar.
- Skemmdar eða ónýtar skífur skulu lagaðar eða skipt út með nýjum.
- Yfirfara skal festingar og undirstöður.
- Timburstaura undir skífum skal yfirfara á hverju ári.
- Skemmdir staurar skulu lagaðir eða skipt út með nýjum.
- Bera skal viðarvörn á tréverk.
- Pússa skal óhreinindi af timbri áður en viðarvörn er borin á.
- Fylgja skal upplýsingum framleiðanda viðarvarnar um notkun.
- Skera skal gras sem vex næst undirstöðum.
- Gæta skal þess að skífan snúi rétt gagnvart stefnu og áttum.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

Gæta skal þess að skífan snúi rétt gagnvart áttum.

Ýmis búnaður  
Salerni

Númer:

10.14



Eftirlit

Yfirfara ástand salerna.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

Verkefni

- Salerni skulu yfirfarin einu sinni í viku (eða oftar?)
- Skemmdir, bilanir eða þörf á þjónustu skal skrásetja og tilkynna viðkomandi þjónustuaðila.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:


Tímabil

Annað

Ýmis búnaður  
Handlaugar

Númer:

10.15



Eftirlit

Yfirfara ástand handlauga.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

Verkefni

- Handlaugar skulu yfirfarnar einu sinni í viku (eða oftar).
- Skemmdir, bilanir eða þörf á þjónustu skal skrásetja og tilkynna viðkomandi þjónustuaðila.
- Gæta þarf vatnslagna m.t.t. frostskemmda.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:


Tímabil

Annað

Ýmis búnaður  
Ljósastaurar

Númer:

10.16



Eftirlit

Yfirfara ástand ljósastaura.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

Við hverja eftirlitsferð

Verkefni

- Yfirfara skal ástand ljósastaura í hverri eftirlitsferð.
- Skemmdir og bilanir skal skrásetja og tilkynna til viðkomandi þjónustuaðila.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað



## Ýmis búnaður

Pollar - keðjur og kaðlar

Númer:

10.17



### Eftirlit

Yfirfara polla, keðju/kaðal, festingar og undirstöður. Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

Við hverja eftirlitsferð

### Verkefni

- Polla skal yfirfara á hverju ári.
- Skemmdir pollar skulu lagaðir eða skipt út með nýjum.
- Skera skal gras sem vex næst timbrinu.
- Við polla á hellulögðum fleti skal fjarlægja allt illgresi.
- Bera skal viðarvörn á tréverkið.
- Pússa skal óhreinindi af timbri áður en viðarvörn er borin á.
- Fylgja skal upplýsingum framleiðanda viðarvarnar um notkun.
- Keðjur, kaðla, eyru og lása skal yfirfara.
- Skemmda hluti skal laga eða skipta út með nýjum.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

## Gróður

Náttúrulegt gras (óslegið)

Númer:

20.01



### Eftirlit

Yfirfara gras við götugögn, t.d. vegstikur, lággerði og polla. Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

Við hverja eftirlitsferð

### Verkefni

- Grasið skal vaxa frjálst og óhindrað.
- Ef nauðsynlegt er að slá gras, t.d. við vegstikur, polla eða önnur götugögn skal nota sláttuorf.
- Gæta skal þess að slá ekki í götugögn og fara skal sérstaklega varlega nálægt trjástofnum.
- Ekki skal gefa áburð á náttúruleg grassvæði nema sérstakar ástæður gefi tilefni til.

Fjöldi skipta:

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

Fylgjast skal sérstaklega með svæðum þar sem hætta á sinueldum getur skapast.

## Gróður

Grassvæði (vélslegið)

Númer:

20.02



### Eftirlit

Yfirfara grassvæði, m.t.t. hluta sem valdið geta skemmdum á vélum. Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

5-6 x á ári

### Verkefni

- Áður en slegið er skal fjarlægja allt grjót af flöt-inni sem valdið getur skemmdum á vélum eða kastast til og valdið hættu.
- Grasið skal slegið þegar það hefur að hámarki náð 10 cm hæð.
- Stilla skal sláttuvél í 5 cm sláttuhæð.
- Gras í kringum tré og fylgihluti má ekki verða hærra en 15 cm.
- Nota skal venjulegan búnað við slátt á þessum svæðum.
- Nota skal vélorf við snyrtingu á köntum og svæðum sem ekki nást með öðrum vélum.
- Í öllum tilvikum skal tafarlaust raka upp og fjarlægja allt nýslegið gras.
- Gefa skal áburð á tímabilun 15. - 30. maí.
- Nota skal tilbúinn áburð NPK 12-5-14 t.d. Blá-korn eða sambærilegan.
- Gefa skal 30 gr./m<sup>2</sup>
- Skera skal alla flatarkanta með kantskera.
- Taka skal eins lítið af kantinum og nauðsynlegt er.
- Fjarlægja skal afskurð svo fljótt sem kostur er.

Fjöldi skipta:

5-6 x á ári

Leyfð frávik:

Tímabil

15. maí - 30. september

(getur verið breytilegt)

Annað

Sjá nánar um áburðar-gjöf í kafla um áburð.

Sjá nánar um kant-skurð í kafla um kant-skurð

## Gróður

Gróf grassvæði (orfslegið)

Númer:

20.03



### Eftirlit

Yfirfara grassvæði, m.t.t. hluta sem sem valdið geta skemmdum á vélum. Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

### Verkefni

- Áður en slegið er skal fjarlægja allt grjót af flötinni sem valdið getur skemmdum á vélum.
- Taka skal tillit til villtra blómjurtu og fuglavarps.
- Grasið skal slegið með sláttuorfi niður í 6 cm hæð.
- Raka skal upp og fjarlægja allt gras eins fljótt og kostur er.
- Ekki skal gefa áburð nema sérstök ástæða sé til.
- Kantskera skal meðfram stígum og bílastæðum.
- Taka skal eins lítið af kantinum og nauðsynlegt er.
- Fjarlægja skal afskurð svo fljótt sem kostur er.
- Hreinsa skal upp allt rusl úr grasinu.
- Handtína skal rusl eða nota ruslaklemmu.
- Ruslið skal flokka eins og kostur er og koma á gámasvæði.

Fjöldi skipta:

1-2 x á ári

Leyfð frávik:

Tímabil

Athuga blómgun villtra jurta og taka tillit til fuglavarps á svæðinu

Annað

Sjá nánar um áburðargjöf í kafla um áburð.

Sjá nánar um kant-skurð í kafla um kant-skurð.

Meta ástand svæðis m.t.t. sinuelda.

## Gróður

Stakstæð tré

Númer:

20.04



### Eftirlit

Yfirfara tré, t.d. greinar og stofn.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

### Verkefni

#### Klippingar

Klipping stakstæðra trjáa skal fyrst hefjast 1. júlí og skal að fullu lokið fyrir lok mánaðar, ár hvert.

Með klippingunni skal miðað að því að stofna tréð upp, sem nemur 1/3 af heildarhæð.

Klippa skal í burtu allar brotnar greinar og dauðar en einnig aðlægjur.

Klippa skal rôtarskot.

Klippa skal greinar sem vaxa inn á bilastæði eða gangstíg.

Klippa skal topp eða toppa sem keppa við megintopp.

Hreinsa skal upp og fjarlægja afklippur úr beðinu, þannig að sem minnst liggi eftir.

Fjöldi skipta:

1 x á ári

Leyfð frávik:

Tímabil

Annað

Sjá nánar um áburðargjöf í kafla um áburð.

**Mikilvægt er að farið sé varlega með sláttorf nálægt trjástofnum**

## Gróður Runnabeð

Númer:

20.05



### Eftirlit

Yfirfara skal trjágróður.  
Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

1 x á ári

### Verkefni

- Klippa skal dauðar og brotnar greinar í burtu.
- Taka skal mið af tegund viðkomandi runna við klippingu m.t.t. Blómgunar og þéttleika.
- Klippa skal þannig að náttúrulegt vaxtarlag haldist. (Ekki skal klippa í kúluform).
- Varast skal að stofna runnana upp en takmarka umfang, sé þess þörf, með klippingum innan úr og úr hliðum.
- Nota skal vélhekkklippur þar sem það á við.
- Hreinsa skal upp og fjarlægja afklippur úr runnunum og af beðinu.
- Fjarlægja skal allt illgresi með handverkfærum.
- Tvíært- eða fjölært illgresi skal stinga upp þannig að rót fylgi með.
- Gefa skal áburð á tímabilun 15. - 30. maí.
- Nota skal tilbúinn áburð (NPK 12-5-14) t.d. Blá-korn eða sambærilegan. Gefa skal 50 gr./m<sup>2</sup>
- Hreinsa skal upp allt rusl úr beðunum.
- Handtína skal ruslið eða nota „ruslaklemmu“.
- Ruslið skal flokka eins og kostur er og koma á gámasvæði.
- Dauðum plöntum skal skipt út með nýjum.

Fjöldi skipta:

1 x á ári

Leyfð frávik:

Tímabil

Klippingum skal lokið fyrir 15. maí, ár hvert.

Annað

Sjá nánar um áburðar-gjöf í kafla um áburð.

## Gróður Trjálundur

Númer:

20.06



### Eftirlit

Yfirfara skal trjágróður, meta þörf á klippingu, hreinsun og áburðargjöf. Meta þörf á úrbótum.

Fjöldi skipta:

1 x á ári

### Verkefni

- Klipping í trjálundum felur í sér að klippa þarf í burtu allar brotnar greinar og dauðar en einnig aðlægjur.
- Ekki er um aðrar eiginlegar klippingar að ræða.
- Ekki skal stofna tré upp en fjarlægja skal greinar sem líklega munu þróast óæskilega.
- Hreinsa skal upp og fjarlægja afklippur úr runnunum og af beðinu.
- Fjarlægja skal allt illgresi með handverkfærum.
- Tvíært- eða fjölært illgresi skal stinga upp þannig að rót fylgi með.
- Gefa skal áburð á tímabilinu 15. - 30. maí.
- Nota skal tilbúinn áburð (NPK 12-5-14) t.d. Blákorn eða sambærilegan. Gefa skal 50 gr./m<sup>2</sup>.
- Hreinsa skal upp allt rusl úr beðunum.
- Handtína skal ruslið eða nota "ruslaklemmu"
- Ruslið skal flokka eins og kostur er og koma á gámasvæði.
- Dauðum plöntum skal skipt út með nýjum.

Fjöldi skipta:

Annað hvert ár

Leyfð frávík:

Tímabil

Klippingum skal lokið fyrir 15. júlí, ár hvert.

Annað

Sjá nánar um áburðargjöf í kafla um áburð.

## Yfirborð Malarsvæði

Númer:

30.01



### Eftirlit

Yfirfara skal malarsvæðin. Meta skal þörf á illgresis-hreinsun, kantskurði, jöfnun og þjöppun.

Fjöldi skipta:

Árlegt eftirlit

### Verkefni

- Yfirborð skal raka með malarhrífu eða nota herfi til að halda illgresi í skefjum en einnig til að jafna stígana.
- Rusl og stærri steinar skulu fjarlægðir.
- Allar holur og mislægjur skulu fylltar með mól og þjappaðar.
- Svíða skal illgresi með gasbrennara 4-6 sinnum á sumartímanum.
- Raka skal malarsvæði, það jafnað og dautt illgresi fjarlæggt 4-6 sinnum (í vikunni eftir að illgresið hefur verið brennt).
- Velja skal þurrt veður til verksins, til þess að fyrirbyggja að einært illgresi nái að festast aftur.
- Kantskera skal meðfram grassvæðum.
- Skera skal eftir línu, þar sem um beinar línur er að ræða og taka eins lítið af kantinum og nausynlegt er.
- Fjarlægja skal afskurð svo fljótt sem kostur er.

Fjöldi skipta:

4-6 x á sumri

Leyfð frávík:

Tímabil

1. maí til 1. október

Annað

Fara skal gætilega með gasbrennara nálægt eldfimum svæðum.



**Yfirborð**

Trjákurli / stígar

Númer:

30.02

**Eftirlit**

Yfirfara skal trjákurli. Meta skal þörf á ill-gresishreinsun, kantskurði og jöfnun.

**Fjöldi skipta:**

Árlegt eftirlit

**Verkefni**

- Yfirfara skal svæði með trjákurli árlega.
- Fjarlægja skal allt illgresi, stærri greinar og rusl.
- Bæta skal við kurli þar sem þörf er á.
- Kantskera skal meðfram grassvæðum.
- Skera skal eftir línu, þar sem um beinar línur er að ræða og taka eins lítið af kantinum og nausynlegt er.
- Fjarlægja skal afskurð svo fljótt sem kostur er.

**Fjöldi skipta:**

4-6 x á sumri

**Leyfð frávik:****Tímabil****Annað**

**Yfirborð**  
Malbik

**Númer:**

**30.03**



**Eftirlit**

Yfirfara malbikuð svæði.  
Meta þörf á úrbótum.

**Fjöldi skipta:**

Árlegt eftirlit

**Verkefni**

- Sópa skal minni malbikaða fleti með strákústi en stærri fleti með vélsóp.
- Fjarlægja skal uppsóp eins fljótt og kostur er.
- Hreinsa skal upp smærra og stærra rusl af malbikinu.
- Handtína skal ruslið eða nota "ruslaklemmu" en einnig sópa þar sem þarf.
- Ruslið skal flokka eins og kostur er og koma á gámasvæði.
- Skemmdir, t.d. stærri sprungur, sig og holur skal skrásetja og tilkynna viðkomandi þjónustuaðila.

**Fjöldi skipta:**

4-6 x á sumri

**Leyfð frávik:**

**Tímabil**

**Annað**

**Yfirborð**  
Hellur

**Númer:**

**30.04**



**Eftirlit**

Yfirfara hellulögð svæði.  
Meta þörf á úrbótum.

**Fjöldi skipta:**

Árlegt eftirlit

**Verkefni**

- Yfirfara skal hellulögð svæði árlega.
- Brotnum hellum skal skipt út með nýjum.
- Signum hellum skal lyft og gliðnun löguð.
- Fjarlægja skal illgresi úr fúgu, t.d með gasbrennara.
- Svíða skal illgresið með gasbrennara í skamma stund af stuttu færi.
- Velja skal hagstætt veður til verksins, t.d. er áhrifaríkast að svíða í þurru og stilltu veðri.
- Fara skal gætilega í nánd við eldfim efni.
- Hreinsa þarf efstu 3-5 mm. af sandi (blönduðu lífrænu efni) upp úr fúgum hellulagnar.
- Nota skal strákústa á smærri fleti en vír-, eða strábursta á stærri fleti.
- Dreifa skal þússningarsandi yfir og sópa ofan í fúgur þar til þær eru fullar.
- Hreinsa skal upp smærra og stærra rusl af hellulögnunum.
- Handtína skal ruslið eða nota "ruslaklemmu"
- Ruslið skal flokka eins og kostur er og koma á gámasvæði.

**Fjöldi skipta:**

4-6 x á sumri

**Leyfð frávik:**

**Tímabil**

**Annað**

## Gróður Áburðargjöf



### Verkefni

- Meta skal einstök svæði m.t.t. áburðarparfar.
- Leitast skal við að halda áburðarnotkun í lágmarki.
- Árleg áburðargjöf skal framkvæma eftir 15 maí.
- Vöxtur þarf að vera hafinn þegar áburður er borinn á.
- Nota skal stillanlegan áburðardreifara á gras-svæði en handdreifa í trjábeð.
- Prófa skal stillingar áburðardreifara m.t.t. magns þannig að rétt sé borið á.
- Dreifa skal áburði jafnt og áburðarhraukar mega ekki myndast.
- Sérstaklega skal gæta þess að dreifa ekki út fyrir jaðra flata eða beða.
- Lendi áburður utan flata eða beða, t.d. á götu eða gangstétt skal hann hreinsaður upp.
- Tæki sem notuð eru til verksins skulu útbúin grasdekkjum þannig að þjöppun verði lág-mörkuð.
- Áburður: Tilbúinn áburður NPK 12-5-14 t.d. Blákorn eða sambærilegur.

### Fjöldi skipta:

Breytilegur

### Leyfð frávik:

### Tímabil

15. maí til 1. júlí

### Annað

Ávalt skal nota hanska við meðhöndlun áburðar þar sem áburður getur ert húðina.

|              |                                     |
|--------------|-------------------------------------|
| Grassvæði    | 3 kg Blákorn pr. 100 m <sup>2</sup> |
| Stakstæð tré | 10 gr. Blákorn pr. 1m trés          |
| Trjábeð      | 50 gr. Blákorn pr. m <sup>2</sup>   |

## Úttektarblað

Áningarstaður

## Þjónustuflokkur



| Flokkur                 | Undirflokkur               | Nr.   | Ástand |   |   | Verkefni | Dags. |
|-------------------------|----------------------------|-------|--------|---|---|----------|-------|
|                         |                            |       | 1      | 2 | 3 |          |       |
| <b>Búnaður</b> (10.00)  | Skilti m/timburramma       | 10.01 |        |   |   |          |       |
|                         | Skilti m/járnramma         | 10.02 |        |   |   |          |       |
|                         | Merkingar                  | 10.03 |        |   |   |          |       |
|                         | Rusladallar                | 10.04 |        |   |   |          |       |
|                         | Ruslakassar                | 10.05 |        |   |   |          |       |
|                         | Borð með bekkjum           | 10.06 |        |   |   |          |       |
|                         | Lággerði                   | 10.07 |        |   |   |          |       |
|                         | Timburkantar               | 10.08 |        |   |   |          |       |
|                         | Göngubrýr                  | 10.09 |        |   |   |          |       |
|                         | Tröppur                    | 10.10 |        |   |   |          |       |
|                         | Vegstikur                  | 10.11 |        |   |   |          |       |
|                         | Minnisvarðar / listaverk   | 10.12 |        |   |   |          |       |
|                         | Útsýniskífur               | 10.13 |        |   |   |          |       |
|                         | Salerni                    | 10.14 |        |   |   |          |       |
|                         | Handlaugar                 | 10.15 |        |   |   |          |       |
|                         | Ljósastaurar               | 10.16 |        |   |   |          |       |
|                         | Pollar                     | 10.17 |        |   |   |          |       |
| <b>Gróður</b> (20.00)   | Náttúrulegt gras (óslegið) | 20.01 |        |   |   |          |       |
|                         | Fín grassvæði (vélslegið)  | 20.02 |        |   |   |          |       |
|                         | Gróf grassvæði (orfslegið) | 20.03 |        |   |   |          |       |
|                         | Stakstæð tré               | 20.04 |        |   |   |          |       |
|                         | Runnabeð                   | 20.05 |        |   |   |          |       |
|                         | Trjálundir                 | 20.06 |        |   |   |          |       |
| <b>Yfirborð</b> (30.00) | Malarsvæði                 | 30.01 |        |   |   |          |       |
|                         | Trjækurl (stígar)          | 30.02 |        |   |   |          |       |
|                         | Malbik                     | 30.03 |        |   |   |          |       |
|                         | Hellur                     | 30.04 |        |   |   |          |       |

## Ástandsflokkar

|   |                 |                           |
|---|-----------------|---------------------------|
| 1 | Gott ástand     | Úrbóta ekki þörf          |
| 2 | Sæmilegt ástand | Þörf á minni lagfæringum  |
| 3 | Lélegt ástand   | Þörf á miklum lagfæringum |



| Flokkur                 | Undirflokkur               | Nr.   | Ástand |   |   | Verkefni | Dags. |
|-------------------------|----------------------------|-------|--------|---|---|----------|-------|
|                         |                            |       | 1      | 2 | 3 |          |       |
| <b>Búnaður</b> (10.00)  | Skilti m/timburramma       | 10.01 |        |   |   |          |       |
|                         | Merkingar                  | 10.03 |        |   |   |          |       |
|                         | Rusladallar                | 10.04 |        |   |   |          |       |
|                         | Borð með bekkjum           | 10.06 |        |   |   |          |       |
|                         | Lággerði                   | 10.07 |        |   |   |          |       |
|                         | Timburkantar               | 10.08 |        |   |   |          |       |
|                         | Vegstikur                  | 10.11 |        |   |   |          |       |
|                         | Útsýnisskífur              | 10.13 |        |   |   |          |       |
|                         | Salerni                    | 10.14 |        |   |   |          |       |
|                         | Ljósastaurar               | 10.16 |        |   |   |          |       |
|                         | Pollar                     | 10.17 |        |   |   |          |       |
| <b>Gróður</b> (20.00)   | Náttúrulegt gras (óslegið) | 20.01 |        |   |   |          |       |
|                         | Fín grassvæði (vélslegið)  | 20.02 |        |   |   |          |       |
|                         | Gróf grassvæði (orfslegið) | 20.03 |        |   |   |          |       |
|                         | Runnabeð                   | 20.05 |        |   |   |          |       |
|                         | Trjálundir                 | 20.06 |        |   |   |          |       |
| <b>Yfirborð</b> (30.00) | Malarsvæði                 | 30.01 |        |   |   |          |       |
|                         | Malbik                     | 30.03 |        |   |   |          |       |
|                         | Hellur                     | 30.04 |        |   |   |          |       |
|                         |                            |       |        |   |   |          |       |

| Ástandsflokkar |                 |                           |
|----------------|-----------------|---------------------------|
| <b>1</b>       | Gott ástand     | Úrbóta ekki þörf          |
| <b>2</b>       | Sæmilegt ástand | Þörf á minni lagfæringum  |
| <b>3</b>       | Lélegt ástand   | Þörf á miklum lagfæringum |

| Þjónustuflokkur | Tíðni almenns eftirlits |
|-----------------|-------------------------|
| 1               | 2 x í viku              |
| 2               | 1 x í viku              |
| 3               | 1 x mánuði              |
| 4               | 2 x á ári               |